

110. þingflokksfundur, mánudaginn 11. maí 2015 kl. 13.

Fundinn sitja: Alla, Helgi Hrafn og Jón Þór.
Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Bréf af þingflokksformannafundi

Helgi Hrafn brífaði af fundi þingflokksformanna og fór yfir dagskrá vikunnar.

2. Bréf af forsætisnefndarfundi

Jón Þór brífaði af forsætisnefndarfundi, siðareglur þingmanna verða til umræðu á næsta fundi.

3. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrá dagsins og verkum skipt. 638. mál um eftirlit með starfsemi lögreglunnar er á dagskrá þingfundar í kvöld.

4. Bréf af nefndarfundum

Jón Þór brífaði stuttlega af fundi umhverfis- og samgöngunefndar þar sem 28. mál um jafnt aðgengi að internetinu er í góðum farvegi. Helgi Hrafn brífaði af fundi allsherjar- og menntamálanefndar og gerði þingflokki grein fyrir framgangi 475. máli um afnám refsinga við guðlasti.

5. Staðan á vinnumarkaðinum

Þingmenn ræddu stöðuna á vinnumarkaðinum. Hlutverk stjórnvalda og löggjafans var rætt í þessu samhengi. Reifaðar voru hugmyndir að lausnum.

6. Tilnefningar í starfshóp um endurskoðun á innihaldi lögreglunáms

Óskað er eftir því við þingflokka Pírata, Samfylkingarinnar, Vinstri græna, og Bjartrar framtíðar að þeir sameinist um tilnefningu á einum fulltrúa í starfshópinn.

7. HeforShe

Helgi Hrafn og Jón Þór munu báðir skrá sig.

Fundi slitið kl. 13.40